

# Erlendir ferðamenn í Reykjavík sumarið 2014

álit á þáttum er snerta skipulag  
og atvinnuþróun í borginni



**Ljósmyndir:** Rögnvaldur Guðmundsson.

**Kápumynd:** Fyrir utan Perluna. Í forgrunni er listaverkið *Dansleikur* eftir Þorbjörgu Pálsdóttur myndhöggvara.

# Erlendir ferðamenn í Reykjavík sumarið 2014

álit á þáttum er snerta skipulag  
og atvinnuþróun í borginni



*Í miðborginni.*



**Samantekt unnin fyrir  
Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar (SEA)**

**Október 2014**

**Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson**

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf  
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði



# Efnisyfirlit

---

|            |                                                                  |          |
|------------|------------------------------------------------------------------|----------|
|            | <b>Helstu niðurstöður</b>                                        | <b>1</b> |
| <b>1.0</b> | <b>Inngangur</b>                                                 | <b>2</b> |
| 1.1        | Könnunin                                                         | 2        |
| 1.2        | Úrvinnsla                                                        | 2        |
| <b>2.0</b> | <b>Könnun meðal erlendra ferðamanna í Reykjavík sumarið 2014</b> | <b>3</b> |
| 2.1        | Kyn, aldurshópar, menntun, búseta o.fl.                          | 3        |
| 2.2        | Afstaða til fullyrðinga um Reykjavík                             | 4        |
| 2.3        | Álit á framtíðarhlutverki Perlunnar                              | 6        |
| 2.4        | BSÍ og ný samgöngumiðstöð í Reykjavík                            | 8        |
| 2.5        | Léttlestakerfi í Reykjavík                                       | 10       |



## Helstu niðurstöður

---

- Flestir voru mjög eða fremur sammála því að fólkið í Reykjavík væri vingjarnlegt/hjálpsamt (92% svarenda) og síðan að það væri auðvelt að fara um borgina (86%). Þá voru margir mjög eða fremur sammála því að Reykjavík væri borg endurnýjanlegrar orku (78%), borg með áhugaverðan arkitektúr/byggingar (76%) og nútímaleg borg (76%). Þá töldu um tveir af hverjum þremur sem afstöðu tóku að Reykjavík væri græn borg (68%), hentug fyrir hjólréiðafólk (64%) og tæknilega þróuð (62%). Um helmingur var sammála því að strætókerfið í borginni væri gott (51%) en fæstir voru sammála þeirri fullyrðingu að Reykjavík væri bílaborg (40%).
- Hugmyndin um að hafa náttúrugripasafn í Perlunni fékk mestan hljómgrunn meðal erlendu ferðamannanna sem þangað höfðu komið, eða meðaleinkunnina 7,6 (af 10 mögulegum). Næstbest leist þeim á að Perlan myndi hýsa upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn (meðaleinkunn 7,2), mun síður á að hafa þar matarmarkað (5,5) og síst á hugmynd um heilsumiðstöð/spa (4,2).
- Af þeim sem afstöðu tóku og höfðu séð BSÍ eða komið þangað töldu 51% að ekki vantaði nýja umferðarmiðstöð í Reykjavík en 49% töldu nýja umferðarmiðstöð æskilega.
- Af þeim sem afstöðu tóku töldu 52% að léttlestakerfið hentaði ekki í Reykjavík en 48% töldu að það gæti hentað í borginni.

## 1.0 Inngangur

### 1.1 Könnunin

Þessi greinargerð, sem unnin er fyrir Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar hjá Reykjavíkurborg (SEA), byggir á vettvangskönnun sem framkvæmd var meðal erlendra ferðamanna í Reykjavík frá júní til ágúst 2014. Könnunin var í boði á fjórum tungumálum; ensku, þýsku, frönsku og ítölsku og lögð fyrir ferðamenn í tónlistarhúsinu Hörpu, á Austurvelli, við Hallgrímskirkju, í Perlunni og víðar í miðbæ Reykjavíkur. Spýrlar frá Rannsóknum og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) sáu um framkvæmdina. Fengust 500 gild svör eins og að var stefnt.

Í könnuninni var spurt um kyn, aldur og menntun gesta, ferðamáta þeirra, tilgang ferðar, foruneyti og tekjur fólks miðað við laun í þeirra heimalandi. Eins hvort fólk hefði komið áður til Reykjavíkur eða væri þar í fyrsta skipti. Síðan voru settar fram ýmsar fullyrðingar um Reykjavík er snerta skipulag og atvinnuþróun og voru gestirnir beðnir að lýsa sig sammála þeim, ósammála eða hlutlausu. Einnig var spurt um hvort ferðamenn hefðu heimsótt Perluna. Þeir sem það höfðu gert var gefinn kostur á að gefa öllum eftirtöldum hugmyndum um framtíðarstarfsemi í bygg- ingunni einkunn, auk þess sem þeir gátu komið með aðrar hugmyndir:

- *Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn*
- *Náttúrugripasafn*
- *Heilsumiðstöð/spa*
- *Matarmarkaður*

Þá var spurt hvort þátttakendur hefðu komið á *BSÍ - Umferðarmiðstöðina* eða séð hana. Þeir sem kváðu "já" við því voru síðan spurðir hvort þeir teldu að Reykjavík þyrfti að fá nýja umferðarmiðstöð. Að lokum voru erlendir ferðamenn inntir áhlits á því hvort þeir teldu léttlestakerfi henta fyrir almenningssamgöngur í Reykjavík.

### 1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru þátttakendur í könnuninni fyrst skoðaðir sem heild en síðan eftir kyni, aldurshópum, menntun, búsetu (markaðssvæðum), ferðamáta (á eigin vegum, "self drive" eða í hópferð) og eftir því hvort þeir höfðu komið áður til Reykjavíkur eða ekki. Ferðamennirnir eru flokkaðir eftir sex markaðssvæðum hvað búsetu varðar. Gestir með búsetu utan þeirra svæða eru hafðir saman undir heitinu *önnur svæði*.

**Tafla 1.1 Skilgreining á markaðssvæðum**

| <i>Markaðssvæði</i>   | <i>Lönd</i>                                       |
|-----------------------|---------------------------------------------------|
| <b>Norðurlönd</b>     | Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.            |
| <b>Mið-Evrópa</b>     | Þýskaland, Austurríki og Sviss.                   |
| <b>Benelux löndin</b> | Belgía, Holland og Lúxemborg.                     |
| <b>Bretlandseyjar</b> | England, Wales, Skotland og Írland.               |
| <b>Suður-Evrópa</b>   | Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ... |
| <b>Norður-Ameríka</b> | Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.                     |
| <b>Önnur svæði</b>    | A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.    |


## 2.0 Könnun meðal erlendra ferðamanna í Reykjavík sumarið 2014

### 2.1 Kyn, aldurshópar, menntun, búseta o.fl.

Karlar voru 55% þátttakenda í könnuninni en konur 45%. Um 37% voru 16-35 ára, 32% voru 36-55 ára og 31% eldri en 55 ára. Meðalaldur var um 44 ár. 48% þátttakenda voru með meira en 8 ára skólagöngu eftir grunnskóla en 37% með 4-8 ár. 33% voru frá Mið-Evrópu, 16% frá Suður-Evrópu, 14% frá Norðurlöndunum og sama hlutfall frá Norður-Ameríku, 10% frá Bretlandi, 6% frá Benelux löndunum og 7% með búsetur annars staðar. 21% höfðu komið áður til Reykjavíkur en 79% ekki. 94% voru í fríi, 10% í heimsókn en 4% komu í öðrum tilgangi (námskeið, ráðstefna o.fl.).<sup>1</sup> Þá voru 63% í ferð alveg á eigin vegum, 14% að hluta á eigin vegum ("self drive") en 23% í skipulagðri hópferð. 49% voru með maka/sambúanda í för, 24% með vinum/öðrum ættingjum, 14% einir á ferð en færri með vinnufélögum (10%) eða með börn í föruneitinu (9%).

Mynd 2.1

Samsetning þátttakenda í könnuninni



<sup>1</sup>. 7% merktu við fleira en eitt og því er samtalan 108%. Af þeim voru 6% hér bæði í fríi og heimsókn.

## 2.2 Afstaða til fullyrðinga um Reykjavík


Af tíu fullyrðingaspurningum fyrir SEA sem beðið var um að fólk tæki afstöðu til voru flestir mjög eða fremur sammála því að fólkið í Reykjavík væri vingjarnlegt/ hjálpsamt (92%) og síðan að það væri auðvelt að fara um borgina (86%).

Þá voru margir mjög eða fremur sammála því að Reykjavík væri borg endurnýjanlegrar orku (78%), borg með áhugaverðan arkitektúr/byggingar (76%) og nútímaleg borg (76%). Þá töldu um tveir af hverjum þremur sem afstöðu tóku að Reykjavík væri græn borg (68%), hentug fyrir hjólríðafólk (64%) og tæknilega þróuð (62%). Um helmingur var sammála því að strætisvagnakerfið í borginni væri gott (51%) en fæstir voru sammála þeirri fullyrðingu að Reykjavík væri bílaborg (40%).

Mynd 2.2

### Afstaða til fullyrðinga um Reykjavík<sup>2</sup>

þeir sem afstöðu tóku



<sup>2</sup>. Þátttakendum gafst hér einnig kostur á að merkja við „veit ekki“ ef þeir töldu sig ekki dómbæra á fullyrðingarnar. Algengast var að fólk teldi sig ekki dómbært á strætisvagnakerfið í borginni, eða 42% aðspurðra. Þá treystu 22-28% sér ekki til að dæma um hvort Reykjavík væri borg endurnýjanlegrar orku, tæknilega þróuð eða hentaði vel fyrir hjólríðafólk. Jafnframt töldu 14% sig ekki geta metið hvort Reykjavík væri bílaborg og 9% ekki hvort hún væri græn borg. Einungis 1-5% merktu við „veit ekki“ varðandi fullyrðingar um að í borginni væri áhugaverður arkitektúr/byggingar, að auðvelt væri að fara um Reykjavík og að hún væri nútímaleg borg.



Við Tjörnina.

Í töflu 2.1 eru þessi svör greind nánar eftir kyni, aldurhópum, menntun, búsetu svarenda o.s.frv. og sjónum beint að þeim sem voru mjög eða fremur sammála fullyrðingunum. Svo sem sjá má er þar oft talsverður munur á afstöðu fólks.


**Tafla 2.1 Afstaða til fullyrðinga um Reykjavík - mjög eða fremur sammála**  
eftir kyni, aldurhópum, menntun, markaðssvæðum, ferðamáta o.fl.

| %                   | Vingjarn-<br>legt fólk | Auðvelt<br>að fara um | Borg endur-<br>nýjanlegrar<br>orku | Áhugverður<br>arkitektúr | Nútímaleg<br>borg | Græn borg | Hentug fyrir<br>hjólfreiðar | Tækinlega<br>þróuð | Gott<br>strætókerfi | Bílaborg  |
|---------------------|------------------------|-----------------------|------------------------------------|--------------------------|-------------------|-----------|-----------------------------|--------------------|---------------------|-----------|
| Karl                | 92                     | 87                    | 79                                 | 76                       | 77                | 70        | 65                          | 59                 | 53                  | 40        |
| Kona                | 91                     | 85                    | 77                                 | 76                       | 76                | 65        | 63                          | 66                 | 51                  | 40        |
| 16-35 ára           | 91                     | 86                    | 78                                 | 69                       | 76                | 68        | 70                          | 63                 | 48                  | 43        |
| 36-55 ára           | 89                     | 90                    | 72                                 | 76                       | 73                | 67        | 62                          | 61                 | 51                  | 39        |
| > 55 ára            | 96                     | 82                    | 84                                 | 85                       | 80                | 69        | 57                          | 66                 | 60                  | 35        |
| < 4 ár eftir skyldu | 95                     | 85                    | 81                                 | 78                       | 67                | 59        | 60                          | 57                 | 50                  | 50        |
| 4-8 ár              | 92                     | 86                    | 77                                 | 72                       | 79                | 71        | 61                          | 63                 | 54                  | 39        |
| > 8 ár              | 91                     | 88                    | 79                                 | 79                       | 80                | 69        | 67                          | 37                 | 52                  | 39        |
| Norðurlönd          | 89                     | 81                    | 72                                 | 80                       | 64                | 56        | 56                          | 45                 | 43                  | 39        |
| Mið-Evrópa          | 92                     | 89                    | 81                                 | 77                       | 73                | 66        | 54                          | 50                 | 59                  | 43        |
| Benelux lönd        | 79                     | 76                    | 79                                 | 72                       | 75                | 71        | 68                          | 67                 | 11                  | 30        |
| Bretland            | 91                     | 83                    | 83                                 | 78                       | 85                | 76        | 68                          | 69                 | 40                  | 38        |
| S-Evrópa            | 92                     | 97                    | 73                                 | 66                       | 86                | 83        | 73                          | 68                 | 61                  | 32        |
| N-Ameríka           | 94                     | 84                    | 75                                 | 85                       | 83                | 59        | 71                          | 84                 | 49                  | 49        |
| Annað               | 100                    | 79                    | 95                                 | 63                       | 69                | 68        | 76                          | 69                 | 50                  | 39        |
| Eigin vegum         | 91                     | 86                    | 76                                 | 75                       | 75                | 68        | 70                          | 63                 | 50                  | 41        |
| "Self drive"        | 91                     | 94                    | 74                                 | 72                       | 78                | 66        | 64                          | 72                 | 50                  | 40        |
| Hópfreið            | 95                     | 84                    | 87                                 | 82                       | 77                | 70        | 47                          | 58                 | 60                  | 34        |
| Fyrsta skipti í     | 92                     | 86                    | 77                                 | 73                       | 76                | 68        | 65                          | 62                 | 52                  | 37        |
| Komið áður          | 90                     | 86                    | 82                                 | 86                       | 77                | 68        | 62                          | 67                 | 53                  | 50        |
| <b>Meðaltal</b>     | <b>92</b>              | <b>86</b>             | <b>78</b>                          | <b>76</b>                | <b>76</b>         | <b>68</b> | <b>64</b>                   | <b>62</b>          | <b>52</b>           | <b>40</b> |

## 2.3 Álit á framtíðarhlutverki Perlunnar

35% svarenda í könnuninni höfðu komið í Perluna en 65% ekki.

Mynd 2.3




Í könnuninni voru þeir sem höfðu komið í Perluna beðnir um að gefa öllum eftirtöldum hugmyndum um framtíðarstarfsemi í byggingunni einkunn á bilinu 1-10 (10 er best), auk þess sem þeir gátu komið með aðrar hugmyndir:

- *Upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn*
- *Náttúrugripasafn*
- *Heilsumiðstöð/spa*
- *Matarmarkaður*

Niðurstaðan er sú að hugmyndin um að hafa náttúrugripasafn í Perlunni fékk mestan hljómgrunn meðal erlendu ferðamannanna og meðaleinkunnina 7,6. Næstbest leist þeim á að Perlan myndi hýsa upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn (meðaleinkunn 7,2), mun síður á að hafa þar matarmarkað (5,5) og síst á hugmynd um heilsumiðstöð/spa (4,2).

Mynd 2.4



Á næstu mynd eru þær einkunnir sem þátttakendur gáfu áður nefndum hugmyndum um nýtingu Perlunnar flokkaðar sem hér segir:

*Einkunn 9-10 = mjög góð hugmynd, 7-8 = fremur góð, 5-6 = sæmileg, 1-4 = slæm*


<sup>3</sup>. 73% þeirra sem komu í Perluna, 125 svarendur, treystu sér til að gefa hugmyndunum einkunn og 3% til viðbótar vildu ekkert af því sem nefnt var en komu með eigin hugmynd.



Mun Náttúrugripasafn Íslands verða til húsa í Perlunni?

Samkvæmt því töldu 75% eikunnagjafanna að hugmyndin um náttúrugripasafn í Perlunni væri mjög eða fremur góð en 11% álitu hana slæma. Þá töldu 70% að hugmyndin um að hafa þar upplýsingamiðstöð fyrir ferðamenn væri fremur eða mjög góð en 15% töldu hana slæma. Hins vegar töldu 41% matarmarkað í Perlunni góða hugmynd en litlu færri (35%) að hún væri slæm. Þá töldu aðeins 32% það góða hugmynd að hafa heilsumiðstöð/spa í Perlunni en 56% álitu það slæman kost.

**Mynd 2.5** Hugmyndir um nýtingu Perlunnar - flokkaðar einkunnir  
gestir sem höfðu heimsótt bygginguna



#### Aðrar hugmyndir um nýtingu Perlunnar:

Listamiðstöð (x2), safn um sögu Íslands, brugghús, hótél, djass-kaffihús, verslunarhús, eldfjalla-sýning, hönnunarsafn.

## 2.4 BSÍ og ný umferðarmiðstöð í Reykjavík




BSÍ - Umferðarmiðstöðin.

Ferðamennirnir voru spurðir hvort þeir hefðu séð eða komið á BSÍ - Umferðarmiðstöðina eða ekki. Niðurstaðan er sú að 52% höfðu séð BSÍ eða komið þangað en 48% ekki.

Mynd 2.6

Komið á eða séð BSÍ - Umferðarmiðstöðina?




Þeir sem höfuð sé eða komið á BSÍ voru síðan spurðir hvort þeir teldu að Reykjavík þyrfti að fá nýja umferðarmiðstöð. Um það voru skiptar skoðanir auk þess sem 40% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við "veit ekki". Af þeim sem afstöðu tóku töldu 51% að ekki vantaði nýja umferðarmiðstöð í Reykjavík en 49% álitu nýja umferðamiðstöð æskilega.

Mynd 2.7

þarf nýja umferðamiðstöð í Reykjavík?

þeir sem afstöðu tóku <sup>4</sup>




<sup>4</sup>. 68% þeirra sem höfðu séð BSÍ eða komið þangað svöruðu þessari spurningu, eða 173 ferðamenn.



Biðsalurinn á Umferðarmiðstöðinni.

Karlar voru fremur fylgjandi því (53%) en konur (43%) að reist yrði ný umferðarmiðstöð í Reykjavík og áhugi á henni jókst einnig með hækkandi aldri svarenda. Af íbúum einstakra markaðssvæða töldu Norðurlandabúar helst að reisa ætti nýja umferðarmiðstöð (70%), síðan Bretar og íbúar N-Ameríku (55-57%) en síst ferðamenn frá Benelux löndum og S-Evrópu (26-29%). Fólk í hópferð var fremur á þeirri skoðun (57%) en þeir sem voru á eigin vegum (50%) eða í "self-drive" ferð (47%) og þeir sem voru hér í fyrsta skipti (52%) fremur en endurkomugestir (42%)

**Mynd 2.8**
**Hlutfall þeirra sem töldu þurfa nýja umferðarmiðstöð  
eftir kyni, aldri, menntun, búsetu, ferðamáta o.fl.**



## 2.6 Léttlestakerfi í Reykjavík?

Erlendu gestirnir í borginni sumarið 2014 voru spurðir hvort þeir teldu að léttlestakerfi (*light rail transport system*) hentaði til almenningssamgangna í Reykjavík. Niðurstaðan er sú að um það voru skiptar skoðanir, auk þess sem 39% tóku ekki afstöðu til spurningarinnar og merktu við "veit ekki". Af þeim sem afstöðu tóku töldu 52% að léttlestakerfið hentaði ekki í Reykjavík en 48% töldu það geta hentað.

Mynd 2.9

### Hentar léttlestakerfi í Reykjavík?

þeir sem afstöðu tóku



Norðurlandabúar álitu fremur að léttlestakerfi gæti hentað í Reykjavík (68%) en íbúar annarra markaðssvæða. Mið-Evrópubúar voru síst á þeirri skoðun (28%).

Mynd 2.10

### Hlutfall þeirra sem töldu léttlestakerfi henta í Reykjavík

eftir kyni, aldri, menntun, búsetu, ferðamáta o.fl.

þeir sem afstöðu tóku

